

Nd.

### 103. Frumvarp

til laga um liftrygging sjómanna.

Flutningsmenn: Matth. Ólafsson, M. J. Kristjánsson,  
Skúli Thoroddsen, Kristinn Danielsson.

#### 1. gr.

Allir menn á landi hér, þeir er sjó stunda um lengri eða skemmri tíma, hvort heldur á fiskiskipum, farmskipum, mannflytningaskipum eða róðrabátum, skulu kaupa sér liftrygging gegn drukknun í sjó.

#### 2. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 1. febrúar ár hvert skulu allir þeir menn, er nefndir eru í 1. gr., láta innrita sig sem sjómenn.

Í sveitum fer innritun fram hjá hreppstjórum, en í kaupstöðum hjá bæjarfógetum.

#### 3. gr.

Nú er einhver eigi ráðinn í því, hvort hann stundi sjómensku að nokkru leyti á því tímabili, er um ræðir í 2. gr., og hefir hann þá rétt til að fá sig innritaðan, þótt síðar sé, með sömu réttindum og skyldum, sem lög þessi ákveða.

#### 4. gr.

Þrjú liftryggingartímabil eru í ári hverju, þannig:

1. frá 1. janúar til 30. apríl að báðum dögum meðtöldum,
2. frá 1. maí til 31. ágúst að báðum dögum meðtöldum og
3. frá 1. september til 31. desember að báðum dögum meðtöldum.

Enginn fær sig liftrygðan fyrir styttri tíma en eitt af þessum tímabilum.

#### 5. gr.

Iðgjöld greiðist þannig:

Fyrir 1. tímabil frá 1. janúar til 30. apríl . . . . .	kr. 5,00
— 2. tímabil frá 1. maí til 31. ágúst . . . . .	— 3,00
— 3. tímabil frá 1. september til 31. desember . . . . .	— 4,00
— heilt ár í einu . . . . .	— 10,00

Sjómenn greiða iðgjöld þessi við innritun, en þeir eiga heimting á  $\frac{1}{5}$  gjaldsins hjá útgerðarmanni um leið og lögskráning fer fram.

6. gr.

Auk innritunarskírteinis, er jafnframt skal gilda sem kvittun fyrir iðgjaldi, skal hverjum innrituðum sjómanni afhent merki, er aðeins gildi fyrir það tímabil, sem hann er innritaður.

Merkin sé úr málni og á þau skráð ártal þess árs, er þau eru afhent á, svo og fyrsti og síðasti dagur tímabils þess, er þau gilda fyrir.

Landstjórnin sér um tilbúning merkjanna og gerð og annast um, að þau sé komin til hreppstjóra og bæjarfógeta fyrir hver árslok.

7. gr.

Engan mann má lögskrá á Íslandi, hvort heldur er á innlend skip eður útlend, er eigi getur sýnt innritunarskírteini og merki, og skal þess getið, við lögskráning, hvar hver einstakur er innritaður.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar skráningarstjóra alt að 500 króna sekt.

Farist sjómaður ólíftrygður fyrir vanrækslu skráningarstjóra, fellur sekt þessi til þess eða þeirra, er tilkall eiga til líftryggingarfjárins samkvæmt lögum þessum, að öðrum kosti fellur sektin til líftryggingarsjóðsins.

8. gr.

Enginn formaður má taka neinn mann á skip sitt eða bát, hvort heldur er um lengri eða skemmri tíma, nema hann geti sýnt merki það, er nefnt er í 6. gr., og varðar það formann alt að 200 kr. sekt fyrir hvern mann, ef út af er brugðið.

Undanskildir ákvæðum þessarar greinar eru þó skipstjórar á mannflutningaskipum, að því er farþega þeirra snertir.

Um sekt fer svo sem segir í 7. grein.

9. gr.

Nú hefir sjómaður keypt sér lífsábyrgð í einhverju lífsábyrgðarfélagi, og er hann þá undanþeginn ákvæðum laga þessara, enda sé sú lífsábyrgð eigi lægri en lög þessi ákveða, en skylt er honum að sanna fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta skýlausan rjett sinn til greiðslu úr lífsábyrgðarfjelaginu, ef dauða hans ber að á líftryggingartímabili því, er í hönd fer.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti rita hjá sjer nafn mannsins og fjelags þess, er hann er líftrygður hjá, svo og tölu lífsábyrgðarskírteinisins.

Að því búnu fær sjómaðurinn merki, er vera skal frábrugðið að gerð merkjum þeim, er getur í 6. grein.

10. gr.

Af iðgjöldum þeim, er nefnd eru í 5. grein, skal mynda líftryggingarsjóð, er standi undir umsjón landstjórnarinnar. Sjóður þessi eignast sjóð þann, er þegar er myndaður, samkvæmt lögum 30. júlí 1909, enda tekur á sig skyldur þær, er á þeim sjóði hvíla.

Landstjórnin skipar forstöðumann fyrir hinn nýja sjóð og skulu laun hans ákveðin 1200 kr. á ári, er greiðist úr landssjóði.

Bæjarfógetum og hreppstjórum ber 2<sup>o</sup>% af iðgjöldum fyrir innheimtu og innritun, og skulu þeir senda skýrslur sínar ásamt iðgjöldum, að frádregnum þeim 2<sup>o</sup>% er þeim ber, beint til forstöðumanns sjóðsins.

#### 11. gr.

Landstjórnin sjer um, að ávalt sje fyrir hendi nægar bækur og innritunarskírteini og skipar fyrir um form á þeim.

#### 12. gr.

Líftryggingarsjóðurinn greiðir námendum þeirra, er farast í sjó og líftrygðir eru samkvæmt lögum þessum, 800 kr., er greiðist með 200 kr. á ári í næstu 4 ár eftir drukknun hins líftrygða.

Námenni teljast: foreldrar og börn, hvort heldur skilgetin eða óskilgetin, ekkja og systkini hins líftrygða. Sje eigi slik námenni á lífi fellur fjeð til sjóðsins, nema viðkomandi hafi með erfðaskrá gefið það öðrum eftir sinn dag.

Landsjóður Íslands hefir ábyrgð á, að sjóðurinn standi í skilum.

#### 13. gr.

Nú kemst maður, sem líftrygður er samkvæmt lögum þessum, í skipreika, tekur út af skipi eða báti eða fellur í sjó og næst með lífi, en veikist og deyr af afleiðingum slyssins, og ber þá að álita sem slikur maður hafi farist í sjó.

#### 14. gr.

Nú hverfur maður af skipi og finst eigi, lífs nje liðinn, og skal þá settur rjettur yfir skipverjum, til að rannsaka, hvort nokkur þeirra hafi grun um, að viðkomandi hafi strokið. Komi það fram við rannsókn, að enginn grunur sje um strok, skal álitast sem maðurinn hafi farist í sjó. Komi hinsvegar fram grunur um strok, en ekki full vissa, má fresta útborgun um næstu 4 ár, en komi ekkert fram á þeim tíma, er bendi til að maðurinn hafi strokið, skal upphæðin borgast út á næstu 4 árum.

#### 15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um vátrygging fyrir sjómenn 30. júlí 1909 svo og þau ákvæði í öðrum lögum, er koma kunna í bág við þau.

#### 16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.